



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2024

Efni: Umsögn safnaráðs vegna [120. máls - tillögu til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins.](#)

Safnaráð hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins á fundi sínum.

Ráðið fagnartillögu þessari og að málefni skipa- og bátaarfsins sé til umfjöllunar, enda hefur það verið þessum málaflokki til trafala, að engin skýr ábyrgðaraðili eða sjóður hafi þennan hluta menningararfsins á sínum snærum. Málefnið hefur komið reglulega til umræðu á vettvangi safnaráðs í gegnum árin, enda mörg dæmi um báta og skip í eigu og safnkosti safna sem ekki hefur verið hægt að bjarga vegna fjárskorts, enda óljóst hvar hægt er að sækja fjármagn í verkefnið.

Fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs